

BMF-2017-08 Breiðdalssetur, GPL Walker mapping award

Verðlaun fyrir kortlagningu og kortagerð í jarðfræðirannsóknnum: Breiðdalssetur hyggst veita verðlaun fyrir sérstaklega vel unnið verkefni við kortlagningu í tengslum við jarðfræði. Kortlagning er enn mikilvægur hluti jarðfræðirannsókna, en hún hefur ekki verið metin að verðleikum eftir að tölvulíkön komu til. Til að styrkja þessa grein í jarðfræði, hefur Breiðdalssetur áhuga á að veita slík verðlaun árlega. Verðlaunin fá nafnið “GPL Walker mapping award”, til heiðurs breska jarðfræðingnum GPL Walker (1926-2005), sem var fyrstur til að kortleggja Austurland ítarlega og á þeim grunni byggir hluti verkefna í starfsemi Breiðdalsseturs. Verkefnið er í samræmi við og fellur vel að markmiðum framtíðarsýnar fyrir Breiðdalshrepp og stuðlar að frekari tengslum innlendra og erlendra jarðfræðinga sem sækja til Breiðdalsseturs vegna rannsókna og gagna frá G.P.L Walker.

Verkefninu var úthlutað 150.000 kr. árið 2017.